

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir Ítalíuskreið framleidda á árinu 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir Ítalíuskreið framleidda á árinu 1983.

Porskur	U.S. \$ pr. lest fob.
Saga IG	6 972,00
Saga IM	6 726,00
Saga IP	6 342,00
Edda og Luna 30/50	5 702,00
Edda og Luna 50/60	6 143,00
Edda og Luna 60/up	6 284,00
Astra	5 566,00

Verðbil verði 2% og miðist við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði.

Verðið miðist við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. janúar 1984.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

GJALDSKRÁ

fyrir sorpheimtu í Hveragerði fyrir árið 1984.

1. gr.

Sorpheimtugjald skv. reglugerð um sorpheimtu í Hveragerði frá 14. janúar 1983 verður sem hér segir fyrir árið 1984:

1. Sorppokagjald íbúðarhúsa og sumarbústaða verður kr. 700,00 á íbúð.
2. Sorppokagjald fyrirtækja sem hreinsað er hjá verður kr. 1 000,00 á tunnu.

2. gr.

Ofangreind gjaldskrá Hveragerðishrepps er samþykkt hér skv. 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. janúar 1984.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.